



Fjármála- og efnahagsráðuneytið  
Arnarhvoli  
101 Reykjavík

Reykjavík, 2. júní 2022

**Efni: Sameiginleg umsögn ASÍ og SA um stjórnarfrumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna hækkunar lágmarksiðgjalds til lífeyrissjóðs (lágmarkstryggingavernd, tilgreind séreign o.fl.) - Þingskjal 1033 — 690. mál.**

Frumvarpið er að mestu samhljóða drögum sem birtust í samráðsgátt stjórnvalda í mars síðastliðnum. Í sameiginlegri umsögn við drögin sögðu ASÍ og SA að frumvarpið væri tímabær áfangi í framkvæmd og efdum á yfirlýsingu stjórnvalda í tengslum við Lífskjarasamninginn sem undirritaður var 3. apríl 2019. Efni þeirrar yfirlýsingar, nú útfærð í frumvarpi, er nauðsynlegur liður í því að ljúka samræmingu lífeyrisréttinda á öllum vinnumarkaðnum. Samningsaðilarnir, ASÍ og SA, treystu á að stjórnvöld veittu mikilvægustu þáttum kjarasamnings aðila um lífeyrismál frá 2016 lagastoð, einkum ákvæðum um lágmarksiðgjald og aukinn sveigjanleika, en það hefur dregist úr hófi fram.

Helstu frávík þessa frumvarps frá því sem kynnt var í samráðsgáttinni í mars sl. eru eftirfarandi:

1. Lífeyrissjóðum er heimilt að kveða á um ráðstöfun á hluta iðgjaldsstofns til tilgreindrar séreignar í samþykktum sínum í stað þess að vera skylt að bjóða sjóðfélögum upp á þennan kost.
2. Lífeyrissjóðir sem nú gefa sjóðfélögum kost á að ráðstafa hluta lágmarksiðgjalds til séreignarsparnaðar, að því gefnu að þeir veiti lágmarkstryggingavernd sem nemur 1,4% af iðgjaldsstofni á ári, er heimilað að veita 3,5% iðgjaldshækkuninni til séreignarsparnaðar.
3. Felld eru brott ákvæði um hækkun lágmarksaldurs til skylduaðildar úr 16 í 18 ár og breytt fyrirkomulag við útreikning á verðbótum lífeyrisgreiðslna.

Ofangreindar breytingar eru viðbrögð stjórnvalda við athugasemdum við fyrri drög að frumvarpi frá aðstandendum lífeyrissjóða utan samningssviðs ASÍ og SA. Sú málamiðlun sem í breytingunum felst gengur mjög langt og vonast ASÍ og SA til þess að þær verði til þess að tryggja víðtækan stuðning við frumvarpið.

Samtökin vilja áréttta mikilvægi þess að frumvarpið verði nú að lögum með því að standa sameiginlega að baki frumvarpinu í núverandi mynd eins og þau gerðu um fyrri drög í samráðsgátt. Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins hvetja Alþingi eindregið til þess að frumvarpið verði gert að lögum.

Virðingarfyllst,

f.h. Alþýðusambands Íslands

f.h. Samtaka atvinnulífsins

Drífa Snædal

Halldór Benjamín Þorbergsson